



Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn 16. ágúst 2012 kl: 12:30 á Melrakkasetrinu, Eyrardalsbæ, 420 Súðavík.

Mætt voru til fundar Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, formaður, Friðbjörg Matthíasdóttir, Jón Jónsson, Ómar Már Jónsson og Sigurður Pétursson. Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri sat einnig fundinn, sem og Díana Jóhannsdóttir verkefnastjóri FV sem ritaði fundargerð.

Formaður setur fundinn og gengið var til dagskrár sem send var út 15. ágúst sl.

1. Dagskrá 57. Fjórðungsþings Vestfirðinga

Framkvæmdastjóri fór yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á dagskrá Fjórðungsþings frá síðasta fundi á grundvelli hugmynda sem stjórn lagði þar fram. Lagt er til að þingið byrji fyrr og að hefðbundin þingstörf verði að mestu unnin fyrri dag þingsins. Stjórn samþykkti ný drög að dagskrá með áorðnum breytingum.

2. Verklag vegna Sóknaráætlunar landshluta

a. Verklag

Framkvæmdastjóri fór yfir hugmynd af verklagi vegna Sóknaráætlunar Vestfjarða. Stjórn FV ræddi framkomnar hugmyndir og samþykkti að skipta málefnum niður í þrjá málefnaþópa; Innviðir; Þekking, rannsóknir, menntun, mannauður og menning; Velferð, þjónusta og samfélag. En sú skipting byggir á drögum að skapalóni vegna sóknaráætlunar landshluta sem stjórnvöld hafa lagt fram. Unnið verður að stefnumótun í þessum þremur hópum á Fjórðungsþinginu með sveitarstjórnarfulltrúum og hagsmunaaðilum.

b. Greining hagsmunaaðila

Framkvæmdastjóri lagði fram greiningu á hagsmunaaðilum hvers málefnaþóps sem unnin hefur verið í samstarfi FV og Atvest. Stjórn FV ræddi framkomnar hugmyndir um val hagsmunaaðila í hvern málefnaflokk og samþykkti ákveðnar breytingar. Einnig samþykkti stjórn að sveitarfélög gætu tilnefnt aðila í málefnaflokkana, einstaklinga sem eru ekki sveitarstjórnarfulltrúar og ekki beinir hagsmunaaðilar heldur einstaklingar með mikla þekkingu á málefninu. Er það gert til að tryggja að nægjanleg sértæk þekking sé innan málefnaþópsins.

Formaður gerði tillögu að dagskrárbreytingu, lagði til að frestað væri eftirfarandi dagskráliðum til næsta fundar:

Yfirlit verkefna FV

Breytingar sveitarstjórnarlaga m.t.t. landshlutasamtaka



Fyrirhugaðar breytingar um áramót
Fyrri stefnumótun
Ný SVÓT greining

Tillaga samþykkt

3. Framtíðarskipulag FV

a. Hvaða verkefnum á FV að sinna?

Stjórn FV fór yfir þau verkefni sem sambandið hefur unnið og eða ætti að vinna að, vísast hér nánari til minnisblaðs af fundinum. Stjórn ræddi greiningu á verkefnum sambandsins og forsendur til þess að sinna þeim verkefnum. Stjórn beindir því til framkvæmdastjóra að vinna áfram að verkefnagreiningu og greiningu kostnaðar.

4. Stoðkerfi atvinnu og byggðar

Lagt fram bréf frá framkvæmdastjóra Atvest, dagsett 31. júlí 2012, *Samningar við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða um áframhaldandi atvinnuþróunarstarfsemi*. Felur efni bréfsins í sér að stjórn Atvest óski eftir framlengingu á rekstrarsamningum sem til þessa hafa verið gerðir við Byggðastofnun, en færast nú til landshlutasamtaka sveitarfélaga, skv. ákvörðun ríkisstjórnar 22. júní 2012.

Rætt um efni bréfsins, sem felur í sér að gerður verði þjónustusamningur við Atvest um atvinnuþróun. Í lok umræðu lagði formaður fram tillögu að eftirfarandi samþykkt:

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga vísar til fyrri afstöðu til málsins sem byggir á samþykkt Aukapings Fjórðungssambands Vestfirðinga um stoðkerfi atvinnu og byggða sem haldið var 25. nóvember 2011. Stjórn FV telur sig ekki geta vikið frá fyrri samþykkt en vísar málinu til 57. Fjórðungsþings sem haldið verður 7. og 8. september n.k.. Stjórn FV samþykkir að leggja fyrir 57. Fjórðungsþing, sem tillögu stjórnar, að áfram yrði haldið með sameiningarferlið sem samþykkt var á Aukapingi um stoðkerfi atvinnu og byggðar 25. nóvember 2011, þrátt fyrir að tillaga þess efnis hafi verið felld á hluthafafundi Atvest.

Tillaga samþykkt samhljóða en Ómar Már Jónsson sat hjá.

5. Önnur mál

Formaður óskar eftir afbrigði til dagskrá um að taka inn fundargerð verkefnahóps BsVest frá 15. ágúst sl. Samþykkt að taka málið fyrir.



Á fundi sínum gerir verkefnahópur tillögu að skiptingu á leiðréttingu framlags til málefna fatlaðra vegna ársins 2011, samkvæmt beiðni stjórnar BsVest frá 11. júlí sl. Tillaga hópsins er að framlag til Ísafjarðarbæjar verði hækkað um 11.982.987 kr. og til Félagsþjónustu Stranda og Reykhóla um 617.013 kr.

Stjórn samþykkir tillögu verkefnahóps.

Fleira ekki gert og fundi slitið, kl 17:00